

Milligróf Múrblanda

Milligróf múrblanda

Notkunarsvið

Milligróf Múrblanda er alhliða milligróf tilbúinn múrblanda sem þarf einungis að blanda með köldu vatni og er þá tilbúinn til notkunar.

Múrblandan hentar í alhliða múrviðgerðir úti sem inni, s.s. tröppur, steypa sólbekki, veggj, gólf o.s.fr.

Eiginleikar

Milligróf Múrblanda er slitsterkt, sementsbundið steypu og múrviðgerðarefni, með mjög góða viðloðun. Frostþolið og vatnsþétt þegar fullri hörku er náð.

Framleitt úr Portlandsementi, ofnþurkuðum kvartssandi 0-2mm ásamt íblöndunarefnum til að auka viðloðun og vinnslueininleika.

Þykktarsvið

Á sterkt undirlag, svo sem steinsteypa fleti 2-10mm

Eiginleikar

Þrýstipól:	20 Mpa
Efnislýsing:	Portlandsement Plastdispersion
Kornastærð:	Ofnþurkaður náttúrsandur 0-2mm
Hitastig	5°- 25°C
Notkunnartími:	ca 60 mín
Hörðnun.	Byrjar eftir 2-4klst
Full hörðnun	28 dagar

Undirvinna

Viðgerðarflöturinn skal vera hreinn og laus við lausan múr, sementslamma, raka, fitu og önnur óhreinindi sem komið geta í veg fyrir góða viðloðun.

Ef skemmdin nær inn í járn skal fjarlægja alla lausa steypu frá járninu og hreinsa járnið með vírbursta eða slípirokk. Berið síðan á járnið Betokem BETOHEFT, sem er sementsbundið ryðvarnarefni

Grunnur

Bleyta þarf undirlagið fyrir lögn. Mjög rakadrægt undirlag þarf að bleyta vel daginn áður.

Í mjög erfiðum aðstæðum er gott að bleyta fyrst undirlagið, hræra síðan saman slamma úr vatni og múrblöndunni og kústa því á flötinn.



Blöndun og lögn

Setjið 1 poka af Múrblöndu (25kg) út í 3L af vatni. Hrærið vel með hægengri borvél í 2-3 mín eða þar til blanda er orðin kekkjalaus.

Kastið eða dragið efnið á flötinn. Réttið af með réttskeið eða hallamáli, og þússið efnið til að fá endalegt yfirborð. Hitastig verður að vera minnst 5°C í 12 tíma eftir notkun.

Ef hætta er á að efnið þorni of hratt, þarf að verja það með því að væta svæðið eða breiða plast yfir það í 5- 7daga eftir lögn.

Efnisnotkun

5 mm þykkt	10 kg/m ²
10 mm þykkt	20 kg/m ²

Geymsluþol

12 mánuðir í þurri geymslu.

Aðgæsla

Með raka eða vatni virkar efnið eins og önnur múrefni, ertandi, á húð, slímhimnu í augum og öndunarvegi.

Það er því ráðlagt að nota hlífðarbúnað svo sem rykgrímur, öryggisgleraugu og hanska.

Annað

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi, skal líta á þessar upplýsingar sem leiðbeinandi. Leitið alltaf ráða hjá sölumönnum ef ykkur finnst ástæða til. Ekki má blanda öðrum efnum saman við Múrblönduna, þar sem það breytir eiginleikum efnisins og kemur niður á gæðum þess.

MÚRBÚÐIN